

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 29. maí 2022

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir.

Aðaláhersla í starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi hefur snúið að innleiðingu nýs bókasafnakerfis en það verkefni hefur átt sér langan aðdraganda og teygir sig yfir síðustu ár. Félagið uppskar dagana 13. og 14. júní er nýju kerfin voru opnuð fyrir notkun. Fyrst var starfsmannaumhverfi bókasafna, eða nýi Gegnir sem byggir á Alma hugbúnaðinum frá Ex Libris opnaður, en það gerðist upp úr hádegi mánudaginn þrettánda þessa mánaðar. Liðlega sólarhring síðar var aðgangur almennings, Leitir opnaður á vefnum leitir.is. Undirstaða hans er Primo VE hugbúnaðurinn frá Ex Libris. Þetta eru mikil tímamót í starfsemi félagsins.

Með opnun nýrra kerfa líða eldri kerfi undir lok. Eldra bókasafnskerfi var opnað árið 2003 en leitargáttin gamla var opnuð síðla árs 2011, þau hafa nú bæði runnið skeið sitt á enda.

Ársreikningur 2021

Rekstrartekjur samanstanda af þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Rekstrartekjur á árinu 2021 voru um 188,4 m.kr. en voru 179,2 m.kr. á árinu áður, og er það um 5,1% hækkun.

Rekstrargjöld ársins 2021 voru um 188,4 m.kr. en voru 178,3 m.kr. á árinu áður og hækka því um 5,7% á milli ára. Þar af var launa- og starfsmannakostnaður, samtals 96,4 m.kr. og hækkar um 5,5 m.kr. eða 4,9%. Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu var 7,8 ársverk og stöðugildi í árslok 8 talsins.

Hagnaður ársins nam tæpum 0,8 m.kr. en var 2,5 m.kr. á árinu 2020. Þetta er betri niðurstaða en vænst var því rekstraráætlun gerði ráð fyrir tapi.

Í árslok 2021 voru eignir Landskerfis bókasafna alls 243,9 m.kr. en handbært fé 184,8 m.kr. og lækkar um 6,7 m.kr. á milli ára.

Hlutfé félagsins helst óbreytt á milli ára og er 147.608.530 kr. Eigið fé er 211,6 m.kr. Eiginfjárlutfall, hlutfall eigin fjár af heildareignum, var í árslok 86,8% og veltufjárlutfall, hlutfall veltufjár og skammtímaskulda, var 6,5. Efnahagur félagsins er því sterkur.

Félagið styrkti Landsfund Upplýsingar sem var haldinn á Ísafirði í september um 250 þús.kr.

Ársreikningur félagsins var unninn af Fjárstoð ehf. en Ríkisendurskoðun sá um endurskoðun.

Hluthafar, viðskiptavinir, stjórnun og starfssemi

Ekki bættust við nýir hluthafar á árinu 2021 og voru þeir 54 í lok ársins. Breytingar urðu á hluthafahópi vegna sameiningar sveitarfélaga.

Í byrjun árs 2022 sögðu Landmælingar Íslands upp samningi vegna Gegnisaðildar.

Á auka aðalfundi sem haldinn var júní 2021 kom Árni K. Bjarnason nýr inn í stjórn félagsins í stað Karls Guðmundssonar sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Aðrir stjórnarmenn voru endurkjörnir.

Einn starfsmaður með tímabundna ráðningu hætti störfum um mánaðarmótin ágúst/september og á sama tíma kom nýr starfsmaður til starfa tímabundið. Tveir nýir starfsmenn hófu störf hjá félaginu í mars 2022.

Um miðjan desember funduðu framkvæmdastjóri, landsbókavörður og borgarbókavörður með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra um málefni Rafbókasafnsins sem kristallast í þeim erfiðleikum sem bókasöfnin hafa mætt hjá forleggjurum varðandi kaup á íslenskum raf- og hljóðbókum. Segja má að fundurinn sé afrakstur bréfaskipta við ráðuneytið og forleggjara frá miðju ári 2020 þegar Covid setti sem mest mark sitt á samfélagið þar á meðal bókasöfnin. Fleiri aðilar lögðu einnig hönd á plóg í framhaldinu. Ráðherra sýndi málinu mikinn skilning og síðan þá hafa mörg skref í rétta átt verið stigin í þátt átt að fá meira íslenskt efni í Rafbókasafnið.

Brotist var inn á skrifstofu félagsins að hausti og fartölvum stolið. Tjónið fékkst bætt úr tryggingum snemma á þessu ári.

Landskerfið sendi umsókn um styrk í Bókasafnasjóð fyrir stafræn bókasafnskort í síma. Snemma á þessu ári var tilkynnt um að félagið fengi 3 m.kr. úthlutun úr sjóðnum.

Gjaldskrá

Fyrir ári síðan voru boðaðar breytingar á gjaldskrá félagsins og tók breytingin gildi í byrjun árs 2022. Gjaldskráin breytist nú árlega samkvæmt breytingum á neysliverðsvísitölu í september og árlega tekur hún líka breytingum í samræmi við breytingar á íbúafjölda undangenginna ára. Með þessari breytingu verður gjaldskráin eins hjá ríki og sveitarfélögum. Framkvæmdin er þessi: Ríkissöfnin hækka árlega samkvæmt breytingum á neysliverðsvísitölu og líka samkvæmt breytingum á heildaríbúafjölda landsins. Sveitarfélögin hækka árlega með sama hætti en jafnframt breytist gjaldskrá þeirra innbyrðis eftir breytingum á íbúafjölda einstakra aðildarsveitarfélaga. Skipting þjónustutekna á milli þessara aðila er nánast jöfn nú, en ekki er hægt að tryggja að svo verði til framtíðar ef söfn hætta eða ný bætast við.

Rekstur og notkun eldri kerfa

Rifjað skal upp að félagið rekur Gegni sem er bókasafnskerfi rekið á landsvísu, leitargáttina leitir.is, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið sem byggir á Overdrive veitunni og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, en síðastnefnda kerfið var smíðað fyrir og er í eigu

Rekstrarfélags Sarps. Bókasafnskerfið sem enn var í rekstri á starfsárinu byggði á hugbúnaðnum Aleph frá Ex Libris og leitir.is á Primo frá sama framleiðanda.

Rekstur kerfanna var með venjubundnum hætti árið 2021 að öðru leyti en því að aðeins var horft til grunnþjónustu á vettvangi Gegnis og Leita, einnig var lítið um námskeiðshald fyrir viðskiptavinum. Áherslan í starfsemi var öll á innleiðingu nýrra kerfa og var þar í nógu að snúast enda mikið verk að sinna hvoru tveggja í senn rekstri eldri kerfa og innleiðingu nýrra.

Vegna undirbúnings yfirfærslu gamla Gegnis í þann nýja var mikið um tiltekt og annan undirbúning sem hefur áhrif á lykiltölur. Helstu heildartölur fyrir Gegni árið 2021 voru: Fjöldi titla 1.269.424, fjöldi eintaka 5.847.255 og fjöldi útlána 2.767.414. Tölurnar sýna eðlilega þróun á milli ára. Vinsælustu bækurnar voru eins og fyrri ár „Dagbók Kidda klaufa“ eftir Jeff Kinney með mismunandi undirtitlum. Vinsælustu bækurnar fyrir fullorðna voru „Snerting“ eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og „Vetrarmein“ eftir Ragnar Jónasson. Í Rafbókasafninu varð örflítill fækkun útlána á milli ára en árið 2021 voru útlánin 27.329 á móti 29.117 útlánunum árið 2020.

Nýtt bókasafnskerfi

Upphafið má rekja til ársins 2018 er nýtt bókasafnskerfi var boðið út. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan það var, líkt og sagt hefur verið frá á fyrri aðalfundum. Í nóvember 2020 var undirritaður samningur við Ex Libris. Hann tekur til leigu (e. SaaS – Software as a Service) á bókasafnakerfinu Alma og leitargáttinni Primo VE en kerfin eru bæði hýst í gagnaveri Ex Libris í Amsterdam. Samið var til 8 ára, með möguleika á að framlengja um 2 ár í tvígang þannig að samningstími verður lengstur 12 ár. Stofnkostnaður við kerfið nemur 331.360 USD (um 44 millj. kr.) og árlegt þjónustugjald eftir gangsetningu kerfa er 300.000 USD (tæpar 40 millj. kr.). Helmingur stofnkostnaðarins var greiddur á árinu 2021 en hinn helmingurinn mun falla til á árinu 2022.

Undirbúningur flutnings gagna úr eldra kerfi Aleph í nýtt bókasafnskerfi Alma fólst einkum í undirbúningi prófunaryfirfærslu sem voru tvær, önnur í maí og hin í október 2021, og skoðunar á gögnunum í kjölfarið. Ýmsar áskoranir voru á leiðinni og tengdust þær stærstu gjörbreyttri högun gagnagrunns og virkni nýs kerfis svo sem meðferð rafræns safnkosts og breyttri meðhöndlun forðafærlna. Þetta kallaði á víðtækar breytingar og lagfæringar á gögnum í Aleph fyrir lokayfirfærslu gagna í maí síðastliðnum.

Mikil vinna liggur að baki uppsetningar kerfisstillinga nýs kerfis ekki síðst varðandi útlán og lánþega og reyndist það tímafrek vinna. Högun bókræðigrunnis er einnig verulega breytt frá því sem áður var og sér ekki enn fyrir endann á því máli. Stofnun aðgangs með réttum heimildum fyrir starfsmenn bókasafna sýndi sig að vera flókið viðfangsefni sem tók of langan tíma að leysa. Kerfið reyndist ekki nógu vel hannað fyrir umsýslu starfsmannaheimilda í umhverfi eins og okkar.

Töluverð vinna fór í að fylgja eftir samningsbundnum kröfum sem ekki voru uppfylltar í stöðluðum kerfum Ex Libris. Nokkur þessara atriða lágu fyrir frá upphafi en önnur opinberuðust aðilum ekki fyrr en lengra leið á verkefnið og kölluðu því á viðræður til að fá

úrlausn málanna. Í stórum dráttum má segja að hér hafi tekist ágætlega til en sum atriðanna eru þó enn í vinnslu.

Rík áhersla var í samningi lögð á að kerfið myndi ráða við íslenskuna. Ekki er nóg að þýða viðmót og skilaboð heldur þarf að huga að röðun leitarniðurstaðna og leitinni sjálfri sem þarf að ráða við íslenska sérstafi og íslenskt stafróf. Framleiðandi hefur þurft að leggja á sig töluverða vinnu til að koma hlutum þangað sem þeir eru á nú. Ekki voru allir á eitt sáttir með árangur varðandi íslenska mannanafnahefð. Kerfið er einfaldlega ekki hannað til að mæta henni svo vel fari. Hluti af vandanum felst í því að kerfið fylgir stöðlum í ríkara mæli en gamli Gegnir gerði og því ekki hægt að halda í allt það sem þar hefur verið byggt upp.

Íslensk þýðingarstofa, Skopos tók að sér þýðingu viðmóts og skilaboða. Ágætlega tókst til en þó ljóst að staðfæra þarf ýmsar þýðingar í framhaldinu enda í mörgum tilfellum um afar sértækan orðaforða að ræða. Leitað var til Advania með aðstoð við forritun fyrir auðkenningu á móti Stafrænu Ísland, island.is og samþættingar nemendalista úr INNU kerfi framhaldsskólanna við bókasafnskerfið. Hönnunarstofan Jökla sá um hönnun nýs lógós og litakóðunar fyrir Leitir.

Það sem helst háði verkefninu var þröngur tímarammi og ákveðinn skortur á skilningi hjá framleiðanda á þörfum bókasafnasamlagsins. Hér má nefna þarfir skólasafna og almenningsbókasafna og íslenska mannanafnahefð. Skilningurinn jókst þó eftir því sem á leið. Fjarlægð á milli aðila tafði á stundum fyrir framgangi í verkefninu, en samstarfið fór allt fram á fjarfundum og í gegnum samskiptasíðu á netinu. Við þetta bættust svo reglubundir verkefna- og stýrihópsfundir. Þröngur tímarammi hafði einnig neikvæð áhrif á miðlun þekkingar til bókasafna og á virka þátttöku þeirra í verkefninu og gerði formlega kennslu afar flókna í framkvæmd.

En hver verður ávinningurinn af nýjum kerfum? Hann hlýtur að felast í mjög auknum möguleikum til að sýsla með rafræn aðföng, allt frá samningagerð og innkaupum til notkunar þess, og nýjum möguleikum í samstarfi safna, og í þjónustu við lánþega og almenning. Til þess að fullur ávinningur náist mun þarf að vinna áfram að endurskoðun verkferla á einhverjum sviðum.

Rekstrarfélag Sarps

Rekstrarfélag Sarps hélt áfram vinnu við undirbúning útboðs vegna arftaka núverandi kerfis, Sarps 3. Áherslan var lögð á að reyna að tryggja fjármögnun stofnkostnaðar nýs kerfis. Félagið gekk til samstarfs við Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) sem tilheyrir Háskóla Íslands og sótti um styrk í Innviðasjóð í gegnum miðstöðina. Einnig var sótt um öndvegissstyrk í safnasjóð í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur. Góður árangur varð af hvoru tveggja og með tveimur styrkloforðum er félagið búið að tryggja fjármagn til greiðslu stofnkostnaðar nýs kerfis skv. áætlun.

Lokaorð

Síðasta starfsár einkenndist af víðtækri þekkingaröflun vegna högunar nýrra kerfa, undirbúningi endanlegs gagnaflutnings úr eldri Gegni í þann nýja, rýni á gögnum og virkni eftir tilraunayfirlærslur, og uppsetningar kerfisstillinga. Vinnan var unnin undir forystu félagsins og Ex Libris en viðskiptavinir undir forgöngu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns lögðu einnig virka hönd á plóg. Ekki verður tölu komið á alla þá fjarfundi sem haldnir voru með Ex Libris en þeir voru nokkrir á degi hverjum.

Stjórn Landskerfis bókasafna átti alls 9 fundi á liðnu starfsári sínu og vil ég þakka stjórnar-
fólki og Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra fyrir afar gott og gefandi samstarf.

Jafnframt færi ég henni og öðrum starfsmönnum félagsins einlægar þakkir stjórnarinnar fyrir þeirra góðu og farsælu störf á umbreytingatíma. Ég vil einnig flytja þeim þakkir frá bókasafnasamfélaginu, eða starfsfólki bókasafnanna, fyrir ósérhlífni, þrautseigju og þjónustuvilja. Starfsfólk Landskerfis bókasafna hefur lyft Grettistaki við innleiðingu nýju kerfanna og það verður seint þakkað.

Í mörgu var að snúnast hjá félaginu á starfsárinu og ekki síður það sem af er þessu ári. Vinnan heldur áfram á næstu mánuðum því ýmsum verkefnum er enn ólokið, þannig að ný kerfisvirki nýtist bókasöfnunum sem best.